



Reykjavík, 5. janúar 2023

Varðar: Austurstræti 17 – fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Orkunnar IS ehf., dags. 9. desember 2022, um endurnýjun á skilti á austurgafli hússins á lóð nr. 17 við Austurstræti. Einnig lagt fram bréf Libra lögmanna dags. 9. desember 2022.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Lóðablað

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Austurstræti 17 borgarhluta 2, Miðborg, og er á skilgreindum miðborgarkjarna M1a.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, Kvosin, samþykkt 1. október 1987 með síðari breytingum.


Umsögn

Húsið á lóð nr. 17 við Austurstræti er verslunar- og skrifstofuhúsnæði á 7 hæðum, byggt árið 1963 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á nýju led skilti verslunarinnar 10-11 sem kom í stað eldra skiltis.

Hér er um að ræða verslun 10-11 sem hefur um árabil haft á gafli Austurstrætis 17 upplýst skilti, sem samanstendur af nokkrum stökum einingum sem saman mynda eina heild. Skv. lögfræðingi á sviði umhverfis- og skipulags Reykjavíkurborgar var ekki sótt um byggingaleyfi fyrir umræddu skilti. Nú hefur því verið skipt út fyrir mun stærra skilti sem ekki heldur var sótt um leyfi fyrir. Kvörtun hefur borist vegna ljósmengunar frá nýja skiltinu.

Í samþykktum skiltaleiðbeiningum segir að á svæði M1a sé heimilt að vera með upplýst og óupplýst þjónustuskilti á byggingum eða mannvirkjum. Í leiðbeiningunum segir að skilti skuli almennt samanstanda af stakstæðum bókstöfum. Stærð þeirra takmarkast við 4 m^2 ef um stakstæða stafi er að ræða (þar sem byggingin er sýnileg á bak við skiltið) en 1 m^2 ef um er að ræða veggspjald (þegar skiltið hylur vegginn á bak við sig). Því falla í raun bæði gamla og nýja skiltið utan þess ramma sem settur hefur verið fyrir skilti í miðborginni. Í skiltasamþykktinni segir ennfremur að stafræn skilti (þjónustuskilti og auglýsingaskilti) með og án hreyfimynda séu óheimilar, þar á meðal þjónustuskilti eða veggspjöld sem vísa út á götu með nafni fyrirtækis eða auglýsingum. Tekið er fram að skilti skulu falla vel að umhverfi sínu og taka tillit til hlutfalla, yfirbragðs og staðaranda hvers svæðis fyrir sig.

Nýja skiltið er $2,56 \times 12,48 = 31,95 \text{ m}^2$ að stærð sem er langt umfram leyfilega stærð í samþykktum leiðbeiningum auk þess sem það hylur gaff-hliðina alveg. Það er því ekki hægt að segja að það taki tillit til umhverfisins eða falli vel að staðaranda. Því er tekið neikvætt í erindið.



Gamla skiltið og það nýja

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í leyfisveitingu fyrir skilti á gafli Austurstrætis 17.
- Skiltið er of stórt miðað við samþykktar skiltaleiðbeiningar um skilti í Reykjavík, fellur ekki vel að umhverfi sínu og veldur nágrönnum þess miklum ama.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri